

8. Fundur

Priðjudaginn 21. febrúar 2023 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 18:30.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Anna María Elíasdóttir, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Jón Grétar Rögnvaldsson og Stefanía Árdís Árnadóttir.

Á fundinn mættu að auki Hermann Brynjarsson frá Enor og félagslega kjörnir skoðunarmenn, Einar Hjartarson og Steinunn Hulda Marteinsdóttir var með í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Ársreikningur FVSA 2022.

Hermann fór yfir og skýrði ársreikning félagsins. Síðan svaraði Hermann fyrirspurnum fundarmanna. Engar athugasemdir voru við ársreikninginn og var hann samþykktur samhljóða.

2. Leikhúsferð.

Samþykkt var að bjóða eldri félagsmönnum og trúnaðarmönnum á sýninguna „Stelpuhelgi“ hjá Leikfélagi Hörgdæla. Skrifstofunni falið að finna dagsetningu sem hentar.

3. Tillaga fyrir aðalfund um laun stjórnar, stjórnar Sjúkrasjóðs og trúnaðarráðs 2023.

Tillaga fyrir hvern fund verði greiddar 32.000 kr.

4. Söfnun til að kaupa hryggsjá fyrir SAK.

Ákveðið var að styrkja ekki í þetta sinn.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.